

Mánudaginn 15. janúar 1979.

Nr. 95/1978. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Kristjáni Árnasyni
 (Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu er aðeins áfrýjað að því er varðar annan hinna ákærðu í héraði.

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að ákærði vissi, að tékkar þeir, 20 talsins, sem K seldi í ýmsum verslunum, svo sem lýst er í héraðsdómi, voru falsaðir. Ákærði hét þeim K og sambýlismanni hennar því kvöldið áður en tékkarnir voru seldir að aðstoða hana við sölu þeirra. Var hann með í ráðum um, í hvaða verslanir K færi, beið hennar ávallt utan verslananna, setti varning, er hún keypti, í tösku, sem hann hafði meðferðis í þessu skyni, og tók við peningum, er fengust fyrir tékkana. Eftir að K hafði selt tékkana og keypt varning, fóru þau ákærði saman til húsnæðis, er hann hafði á leigu, og komu varningnum þar fyrir. Var hann geymdur þar nokkra daga, uns hann var fluttur í annað hús. Rannsóknarlögreglan fékk varninginn síðar í sínar hendur og kom honum til skila til seljenda. Ákærði fékk um 20.000 krónur í sinn hlut af peningum þeim, sem K fékk greidda í verslunum samkvæmt framansögðu.

Ákærði hét liðsinni sínu til sölu tékkanna fyrirfram, og hann hlaut framangreindan fjárhlut af hagnaði, er fékkst við brotið. Þegar það er virt og atferli hans að öðru leyti, þykir rétt að refsa honum samkv. 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hæstaréttardómur sá,

sem til er vísað í héraðsdómi, var kveðinn upp 14. nóvember 1977, en ákærði vann brot sitt, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli, hinn 3. október s. á. Þykir rétt að kveða svo á, að hæstaréttardómi frá 14. nóvember 1977 skuli eigi raskað með ákvörðun refsingar fyrir það brot, sem hér er til úrlausnar, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 22/1955. Refsing fyrir brot ákærða samkv. 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 80.000 krónur, í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Árnason, sæti fangelsi í 5 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. janúar 1978.

Ár 1978, föstudaginn 27. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 39-40/1978: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Árnasyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 20. þ. m., gegn

1. Kristjáni Árnasyni sjómanni, Fannarfelli 2, fæddum 12. september 1955 í Reykjavík,

2. X, fæddum . . . 1955 í Reykjavík, og eru sakarefni sem hér greinir:

„I. Ákærða X er gefið að sök að hafa laugardagskvöldið 1.

október 1977, er ákærði var staddur í veitingahúsinu Klúbbnum við Lækjarteig í Reykjavík, með hvatningum fengið stúlkuna K, fædda . . . 1960, til þess að stela seðlaveski með ávísanahefti úr vasa Halldórs Lárussonar, fædds 17. janúar 1944, sem þar var staddur.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærðu er gefið að sök skjalafals með því að hafa í félagi við fyrrgreinda K falsað eftirtalдар ávísanir á hlaupareikning nr. 2396 (nema annað sé tilgreint) við útibú Landsbanka Íslands í Keflavík, útgefnar mánudaginn 3. október 1977, með nafni Ingu Árnadóttur (nema annars sé getið) til handhafa, ákærði X með því kvöldið áður að segja nefndri stúlkun fyrir í öllum atriðum um ritun þeirra og ásamt ákærða Kristjáni að leggja á ráðin um notkun þeirra og ákærði Kristján jafnframt með því að fylgja K í verslanir í Reykjavík nefndan mánudag og vera henni til aðstoðar, er hún notaði ávísanirnar í viðskiptum og falsaði á framsöl:

1. Nr. 38081, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í verslun P.Ó. í Austurstræti.
2. Nr. 38097, á hlaupareikning nr. 2369, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í verslun Franks Michelsen á Laugavegi.
3. Nr. 38083, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í skóverslun Péturs Andréssonar, Laugavegi.
4. Nr. 38096, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Buxnaklaufinni, Bankastræti.
5. Nr. 38078, kr. 7.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Raftorgi við Kirkjustræti.
6. Nr. 38084, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Ljósi og hita við Laugaveg.
7. Nr. 38085, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Bókaverslun Ísafoldar í Austurstræti.
8. Nr. 38086, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í bókaverslun Máls og menningar, Laugavegi.
9. Nr. 38092, kr. 8.000, framseld með nafni Ásu Sigurðardóttur, seld í Hljóðfærahúsinu, Laugavegi.
10. Nr. 38080, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Bókaverslun Snæbjarnar Jónssonar í Hafnarstræti.
11. Nr. 38075, kr. 8.000, útgefin með nafni Guðbjargar Þórólfs-

- dóttur, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Sport við Laugaveg.
12. Nr. 38076, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í skóversluninni Rímu í Austurstræti.
 13. Nr. 38095, á hlaupareikning nr. 2369, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Plötuportinu, Laugavegi.
 14. Nr. 38087, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Jósefinu, Laugavegi.
 15. Nr. 38099, kr. 10.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í Faco, Laugavegi.
 16. Nr. 38089, kr. 9.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Herragarðinum í Aðalstræti.
 17. Nr. 38088, kr. 8.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Evu, Laugavegi.
 18. Nr. 38091, kr. 7.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í Hagkaupum.
 19. Nr. 38082, kr. 12.000, framseld með nafni Ásu Ingólfsdóttur, seld í versluninni Torginu, Austurstræti.
 20. Nr. 38077, kr. 9.000, framseld með nafni Ásu Ingadóttur, seld í versluninni Hverfitónum í Aðalstræti.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Laugardagskvöldið 1. október 1977 var ákærði X staddur í veitingahúsinu Klúbbnum ásamt sambýliskonu sinni K, sem fædd er 26. janúar 1960. Þar tók K að ófrjálstu tékkhefti, er hún sá standa upp úr rassvasa manns, er þarna var staddur. Gegn framburði ákærða X er ósannað, að hann hafi átt neinn þátt í töku veskisins eða að hann hafi vitað um tökuna, fyrr en K sýndi honum heftið.

Næsta dag hafði X samband við ákærða Kristján, sem er góðvinur hans. Kristján kom þá heim til X og K og sá heftið. Hann varð við þeirri ósk X að fara næsta dag með K og aðstoða hana við að selja tékka, sem ætlunin var að rita á eyðublöð úr heftinu.

K ritaði síðan tékka á eyðublöðin í samráði við X. Hefur það sennilega gerst á sunnudagskvöldið, og var Kristján þá ekki nærstaddur. K og ákærðu báðir kannast við þá 20 tékka, sem mál þetta snýst um, og eru sammála um, að K hafi ritað þá alla.

Nöfn og númer tiltók hún af handahófi. Gerð tékkanna er að öllu leyti lýst rétt í ákærunni og vísast til þess.

Næsta dag kom Kristján til K, svo sem um hafði verið rætt, og fóru þau svo út saman til þess að selja tékkana. Kristján tók þátt í að velja þá staði, þar sem borið skyldi niður, en beið síðan fyrir utan, meðan K fór inn og keypti einhverja hluti og greiddi með tékka og fékk mismuninn greiddan í peningum. Hún kveðst hvergi hafa þurft að sýna persónuskilríki.

Tékkana seldu þau K og ákærði Kristján í verslunum þeim, sem taldar eru í ákærunni. Þar eru fjárhæðir tékkanna og rétt tilgreindar. Samanlögð fjárhæð tékkanna nemur 198.000 kr.

K var handtekin í Klúbbnum aðfaranótt 9. október, en þá hafði kona, sem keypt hafði af henni einn hinna fölsuðu tékka, séð hana og þekkt. K hafði í þetta sinn stolið veski af einum veitingahússgesta. Mál hefur ekki verið höfðað gegn K.

Eftir handtöku K játuðu hún og síðar ákærðu báðir tékka-fölsunina. Jafnframt hafðist upp á varningi þeim, sem keyptur hafði verið fyrir tékkana, og var hann afhentur viðeigandi verslunum, en ákærði X greiddi síðan að fullu bætur að því leyti sem á vantaði. Hafa þannig allir, er fyrir tjóni urðu, fengið fullar bætur.

Svo sem fyrr greinir, er ekki sönnuð þjófnaðarhlutdeild á ákærða X, en hins vegar ber að refsa ákærðu báðum sem aðalmönnum að því er varðar sakarefni skv. II. kafla ákæru, en þau brot varða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þar greinir.

Ákæru á hendur X var á árinu 1973 frestað skilorðsbundið til 2 ára. Hefur hann staðist það skilorð. Hann verður nú dæmdur með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga í 4 mánaða fangelsi, en þegar þess er gætt, að tjón hefur verið bætt og ákærði hefur ekki fyrr verið sóttur til saka fyrir afbrot, þykir rétt að ákveða, að fresta skuli að fullnægja refsingunni og skuli hún falla niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Kristján Árnason var 1972 dæmdur í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað. Samkvæmt gögnum málsins hefur hann staðist skilorðið. Þá var hann dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1975 í 45 daga varðhald fyrir óheimila töku á bifreið (brot gegn 259. gr. hegnl.). Þeim dómi var áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar 11. nóvember

f. á. var Kristján dæmdur í 60 daga skilorðsbundið varðhald fyrir brot þetta.

Við ákvörðun refsingar Kristjáns nú ber skv. 60. gr. alm. hegningarlaga einnig að meta sakarefni það, sem nefndur hæstaréttardómur fjallar um. Þykir refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, og eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærðu verða in solidum dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Árnason sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 16. janúar 1979.

Nr. 18/1978. **Gunnar Gunnarsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Benedikt E. Guðbjartssyni

(Grétar Haraldsson hrl.).

Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarféðgetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1978. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.